

## SAMÞYKKT

### um takmörkun hundahalds í Hrunamannahreppi.

#### 1. gr.

Hundahald í sveitarfélaginu Hrunamannahreppi sætir eftirfarandi takmörkunum:

Heimilt er að halda hunda í Hrunamannahreppi en þeir sem það gera skulu fara að neðan- greindum reglum sem um hundahaldið gilda. Vegna þeirra hunda sem nú þegar eru í Hruna- mannahreppi þá skulu eigendur þeirra skrá þá á skrifstofu hreppsins eins og um er getið í 2. gr. og greiða hundaleyfisgjald, sbr. gjaldskrá fyrir 20. febrúar 2003.

#### 2. gr.

Löggráða einstaklingum sem lögheimili eiga í sveitarfélaginu og ekki hafa fram til þessa haldið hund er heimilt að sækja um leyfi til sveitarstjórnar og er þeim skylt að uppfylla eftir- farandi skilyrði áður en hundaleyfið er gefið út.

- a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu Hrunamannahrepps á Flúðum og þar fær eigandi hundsins afhenta númeraða plötu sem ávallt skal vera í ól um háls hundsins.
- b) Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem leyfi er veitt fyrir. Gjaldið skal ákveðið í gjaldskrá sem sveitarstjórn setur að fenginni umsögn heil- brigðisnefndar, samkv. ákvæðum 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum. Gjöld mega ekki vera hærri en sem nemur rök- studdum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits. Við ákvörðun leyfis- gjalda skal tekið mið af þeim kostnaði, sem leiðir af framkvæmd þessarar samþykkt- ar. Leyfisgjöld skulu í fyrsta sinn greidd við skráningu hunds og síðan árlega fyrir- fram 20. febrúar ár hvert. Í gjaldskrá skal einnig ákveðið handsömunargjald sbr. 4. gr. Hafi leyfisgjöld ekki verið greidd innan eins mánaðar frá gjalddaga er heimilt að afturkalla leyfið, svo og ef hreinsun hunda er ekki framkvæmd eftir settum reglum.
- c) Öllum sem halda hund er skylt að tryggja þá hjá viðurkenndu tryggingarfélagi. Áður en leyfi er veitt skal framvísa tryggingarskírteini frá viðurkenndu tryggingarfélagi til staðfestingar þess að hundur hafir verið ábyrgðartryggður. Þeir aðilar sem halda hund skulu sjálfir hlutast til um að hundurinn fái ormahreinsun skv. gildandi reglum. Þegar gengið er frá skráningu hundsins og/eða greitt leyfisgjald fyrir hundinn skal eigandi hans framvísa vottorði um að ormahreinsun hafi farið fram.
- d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Hundaeigandi skal gæta þess að hundur hans valdi ekki hættu eða raski ró manna eða verði mönnum til óþæginda á neinn annan hátt. Skilyrði fyrir hundahaldi í sambýlishúsum, er að hlutaðeigandi íbúðareigendur samþykki í samræmi við ákvæði laga nr. 26/1994, með síðari breytingum, og skal leggja fram skriflegt samþykki þar um við skráningu hundsins. Þá er umráða- mönnum alltaf skylt að fjarlægja saur eftir hundinn. Eigi er leyfilegt að hafa með sér hunda þó í taumi séu inn í opinberar stofnanir, skólahús, matvöruverslanir eða aðra þá staði sem um ræðir í fylgiskjali 3 í reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002, mat- vælafyrirtæki samkvæmt ákvæðum reglugerðar um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla nr. 522/1999, með síðari breytingum, eða vatns- veitur, vatnsból og verndarsvæði þeirra, brunna og sjóveitur.

- e) Hundaeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum er hundahald varðar, þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu leyfisgjalds, sbr. b-lið þessarar greinar, svo og fyrirmælum sem sveitarstjórn/heilbrigðisnefnd setur.
- f) Hundar á lögbýlum mega ganga frjálsir á landareign eigenda sinna. Að öðru leyti skulu slíkir hundar háðir ákvæðum þessarar samþykktar.

### 3. gr.

Fyrir hönd sveitarstjórnar annast eftirlitsmaður á hennar vegum framkvæmd og eftirlit með hundahaldi í Hrunamannahreppi. Eftirlitsmaður getur leitað aðstoðar lögreglu við framkvæmd starfa sinna, ef hundur er að mati eftirlitsmanns hættulegur umhverfi sínu og/eða eigandi eða vörsluaðili hundsins tálmar starfi eftirlitsmanns samkvæmt samþykkt þessari og almannahagsmunir og/eða heilbrigðissjónarmið valda því að nauðsynlegt er að leita atbeina lögreglu við að fjarlægja hund. Að öðru leyti starfar hundaftirlitsmaður undir eftirliti og á ábyrgð sveitarstjórnar/heilbrigðisnefndar við sín eftirlitsstörf.

### 4. gr.

Hundar úr aðliggjandi sveitum, sem ekki eru í fylgd með eigendum eða umráðamanni og ómerktir eru, svo og aðrir ómerktir flækingshundar skulu teknir úr umferð. Gefi eigandi sig ekki fram innan sjö sólarhringa hefur lögregla eða dýralæknir heimild til þess að lóga viðkomandi hundi þegar í stað. Eigandi greiði handsömunargjald vitji hann hundsins.

Merktir hundar á flækingsi skulu einnig teknir úr umferð. Ef eigandi vitjar hans eigi innan sjö sólarhringa og svarar ekki til saka um brot á samþykkt þessari, sé um slíkt að ræða, hefur lögregla eða dýralæknir heimild til að lóga hundinum án frekari fyrirvara. Eigandi greiði handsömunargjald vitji hann hundsins.

Hunda, sem ráðast á menn eða skepnur, skal fjarlægja og lóga þegar í stað.

Lögregla og sveitarstjórn/heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með hundum samkvæmt samþykkt þessari og skulu þessir aðilar tilkynna sveitarstjóra kærur, sem þeim berast vegna meintra brota á samþykktinni.

Sveitarstjórn er heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

### 5. gr.

Framangreind samþykkt sveitarstjórnar Hrunamannahrepps staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

*Umhverfissráðuneytinu, 10. febrúar 2003.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*